Festihulsur – Þorgrímsfætur

Málmsteypan

TÆKNIBLAÐ

Málmsteypa Þorgríms framleiðir tvær gerðir af festihulsum, sem eru undirstaða fyrir rör sem sett eru ofan í þær. Festihulsan tekur upp álag og rörin eru t.d. ætluð fyrir umferðarmerki eða girðingar. Festihulsa er góð lausn þar sem krafa er um traustan frágang og gott aðgengi vegna viðhalds eða breytinga, sem hægt er að sinna með lágmarks fyrirhöfn og kostnaði. Ef keyrt er á t.d. umferðarmerki beygist eða klippist rörið niður við festiró hulsunnar, sem lágmarkar slysahættu. Yfirleitt þarf ekki að raska jarðvegi í kringum festihulsuna eftir tjón; aðeins þarf að skipta um rör. Festihulsur eru einnig kallaðar Þorgrímsfætur af kaupendum og notendum.





Vörunúmer	Gerð	Hæð	Þyngd	Rörastærð
001244	MÞJ 244	0,75 m	14 kg	60 mm
001248	MÞJ 248	0,90 m	24 kg	75 mm

Tæknilýsing

ALMENNT

Fylgihlutir	**Ró og herpihólkur**
Innstunga rörs	**um 0,3 m**

FRAMLEIÐSLA

Framleiðandi	**Málmsteypan**
Íslensk framleiðsla	**Já**

NOTKUN

MÞJ 244 festihulsa er fyrir 60 mm álrör og hugsuð fyrir lámerki, eins og akreinavísa í t.d. umferðareyjum.

MÞJ 248 festihulsa er fyrir 75 mm álrör og hugsuð fyrir meira vindálag, t.d. hámerki eins og biðskyldumerki.

UPPSETNING

Festihulsur eru reknar ofan í þjappaða grúsarfyllingu að eða upp undir flans festihulsunnar, þannig að aðeins efsti hluti hennar verði sýnilegur og í plani við endanlegt yfirborð. Festihulsan kemur með ró með grófum gengjum sem er skrúfuð ofan í ferhyrndan flans sem auðvelt er að helluleggja að. Herpihólkur fylgir með og er laus í sæti undir rónni.

Við niðursetningu rörs er róin losuð af festihulsunni og sett upp á rörið ásamt herpihólknum þar fyrir neðan. Rörið er síðan sett niður í festihulsuna og róin hert þannig að herpihólkurinn þrýstist um rörið og heldur því föstu. Rörið gengur um 0,3 m niður í festihulsuna.

Málmsteypan áskilur sér rétt til að breyta tækniupplýsingum án fyrirvara.